

## Menntastefna VR 2020-2022

VR leggur áherslu á að félagsmönnum VR sé tryggður sá möguleiki að þróast almennt í starfi á íslenskum vinnumarkaði, hvort um sé að ræða almennt grunnnám, framhaldsnám, háskólanám eða annað sérhæft nám. VR kappkostar að félagsmönnum gefist kostur á að bæta við sig aukinni hæfni í takt við tæknibreytingar og stafræna þróun í íslensku samfélagi. VR tekur virkan þátt í þeim verkefnum í íslensku samfélagi sem talin eru til framdráttar varðandi frekari menntun og hæfni félagsmanna VR.

Helstu áherslupættir VR er varða menntastefnu VR 2020-2022 eru:

### 1. Aukin hæfni félagsmanna

- a. VR vill stuðla að aukinni menntun meðal félagsmanna sem ekki hafa lokið við grunmenntun.
- b. VR leggur áherslu á að félagsmönnum gefist ávallt kostur á að auka hæfni sína með sí- og endurmenntun.
- c. VR hvetur félagsmenn sína til að undirbúa sig fyrir frekari breytingar og leiðir til að takast á við mögulegar breytingar á störfum í framtíðinni.

### 2. Samvinna innan skólasamfélagsins í heild sinni

- a. VR er virkur þátttakandi í framþróun náms og námsúrræða fyrir félagsmenn.
- b. VR tekur þátt í verkefnum á öllum skólastigum.
- c. VR stuðlar að aukinni samvinnu við símenntunarmiðstöðvar.
- d. VR vinnur með hagsmunaaðilum að aukinni hæfni félagsmanna.

### 3. Síbreytileg og uppfærð upplýsingagjöf til félagsmanna

- a. VR tryggir skýrt aðgengi félagsmanna að upplýsingum um frekara nám.
- b. VR upplýsir félagsmenn um hvaða breytingar geta orðið á vinnumarkaði og störf þeirra.

### 4. Raunfærnimat og náms- og starfsráðgjöf

- a. VR stuðlar að því að hæfni sem félagsmaður hefur áunnið sér verði metin/skrásett.
- b. VR stuðlar að því að aðgengi í raunfærnimat í almennri starfshæfni verði gott
- c. VR stuðlar að því að raunfærnimat skili félagsmönnum ávinningi til styttingar á formlegu námi.